



Tillaga að breytingum á samþyktnum Beint frá býli

5. grein *Gildir núna*

Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn geta mest setið í 3 ár í senn en geta tekið kjöri á ný eftir árs hlé. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

5. grein *Breyting tillaga 1*

Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn geta mest setið í 3 kjörtímabil í senn en geta tekið kjöri á ný eftir árs hlé. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir. Að öllu jöfnu skal kjörtímabil stjórnarmanna skarast, þannig að einn gangi út í einu. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

5. grein *Breyting tillaga 2*

Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir. Að öllu jöfnu skal kjörtímabil stjórnarmanna skarast, þannig að einn gangi út í einu. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

6. grein *Gildir núna*

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sérhver félagsmaður (forsvarsmaður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmætur sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.
3. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
4. Kosning tveggja skoðunarmanna.
5. Árgjald ákveðið.
6. Önnur mál sem félagið varðar.

6. grein *Verði svona*

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

vikna fyrirvara. Sérhver félagsmaður (forsvarsmaður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmætur sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Erindi:
5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Breytingar á samþykktum BFB.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Árgjald ákveðið.
11. Önnur mál sem félagið varðar.

8. grein *Verði svona*

Stjórn og vefstjóra er óheimilt að setja vörur sem þurfa starfsleyfi af einhverju tagi á heimasíðu eða í bæklinga nema fyrir liggja staðfesting frá starfsleyfisgjafa.

8. grein verði 9. gr

Félaginu verður ekki slitið nema að 2/3 hlutar mættra félaga á aðalfundi samþykki og skal tillaga að slitum auglýst sérstaklega í fundarboði. Skulu eigur þess renna til góðgerðamála. Síðasti aðalfundur BFB ákveður til hvaða góðgerðamála eigum félagsins verður ráðstafað